

Nd.

261. Frumvarp til laga

[77. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Meðan innflutningur og gjaldeyrisleyfi er háð ákvörðun ríkisvaldsins, skal úthlutunarnefnd jeppabifreiða, sem um ræðir í 2. gr., einnig úthluta til bænda þeim heimilisdráttarvélum, sem til landsins eru fluttar.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi 7 nýjar gr., svo hljóðandi:

- a. (13. gr.) Stjórnir hreppabúnaðarféлага skulu í októbermánuði ár hvert gera skrá yfir þær heimilisdráttarvélar og jeppabifreiðar, sem eru í eigu manna á félagssvæðinu. Skal þar tilgreina tölu, tegund og eigendur þessara véla og bifreiða. Enn fremur ber stjórnnum búnaðarfélaganna að taka á móti umsóknum bænda um heimilisdráttarvélar, hver af sínu félagssvæði, og fer með þær eins og fyrir er mælt í 5. gr., eftir því sem við á.
Skýrslur þessar ásamt umsóknum bænda um dráttarvélar og jeppabifreiðar skulu komnar til úthlutunarnefndar fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, og skal nefndin vinna að því, þegar innflutningur er ákveðinn, að umsóknirnar séu teknar til greina þannig, að rétt hlutfall haldist milli dráttarvéla og jeppabifreiða.
- b. (14. gr.) Innflutningsyfirvöldin ákveða tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem leyft er að flytja til landsins, og tilkynna það úthlutunarnefndinni, sem síðan skiptir þeim dráttarvélum milli umsækjenda. En ákvörðun um það, hvaða áánlegar vélategundir eru fluttar inn, er á valdi þeirra einstaklinga, sem fá úthlutað vélum frá nefndinni, sbr. 18. gr.
Við skiptin skal nefndin hafa hliðsjón af þeim skýrslum, er fyrir liggja. Hún skal taka tillit til þess, hve margar dráttarvélar og jeppar, sem notaðir eru til landbúnaðarstarfa, eru á félagssvæðinu.
- c. (15. gr.) Óheimilt er fyrst um sinn að úthluta heimilisdráttarvél til einstaklings, sem áður hefur fengið slíka vél eða á hana í nothæfu ástandi. Sama gildir, ef hann á jeppabifreið og hefur fengið undanþágu frá bifreiðaskatti.
- d. (16. gr.) Nú fær einhver úthlutað dráttarvél eða jeppabifreið og einhverra orsaka vegna kaupir hana ekki á því ári, sem leyfið er veitt fyrir. Skal hann þá tilkynna það úthlutunarnefnd, sem þá úthlutar vélinni eða bifreiðinni til annars umsækjanda innan sama búnaðarfélags.
Ekki má eigandi dráttarvélar eða jeppabifreiðar selja hana, nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur.
- e. (17. gr.) Að skiptum loknum tilkynnir nefndin hlutaðeigandi umsækjendum úthlutun vélanna og bifreiðanna.
- f. (18. gr.) Sá, sem tilkynningu fær um úthlutun dráttarvélar eða jeppabifreiðar, skal afhenda tilkynninguna þeim innflytjanda, er flytur inn þá dráttarvéla- eða jeppabifreiðategund, er hann óskar að fá. Innflytjandinn afhendir svo þær tilkynningar, sem honum hafa borizt, þeim valdhafa, er gjaldeyri úthlutar, og skal hann eiga rétt á gjaldeyrisleyfi samkvæmt því.
- g. (19. gr.) Úthlutunarnefnd jeppabifreiða skal í októbermánuði ár hvert gera áætlun um það, hvað er nauðsynlegt að flytja inn á næsta ári af varahlutum til jeppabifreiða og dráttarvéla, sem til eru í landinu, og einnig innflutning á nyt-samlegustu verkfærum, sem aflvélarar geta dregið við vinnu og flutninga, svo að þær komi að sem beztum notum. Þessi áætlun sé send innflutningsyfirvöldunum, og ber að leggja á það ríka áherzlu, að þessi innflutningur fái st.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal meginmál þeirra fært inn í lög nr. 43 frá 23. maí 1949 og lög in gefin út samkvæmt því í einu lagi með fyrirsögninni: Lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.